

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístunda- byggðar í landi Hrísa. Skipulagssvæðið, sem ber nafnið Hrísaskógar, liggur austan þjóðveggar 826, Hólavegar. Þar var áður gert ráð fyrir 6 frístundahúsum á afmörkuðu svæði innan landar- eignar Hrísa. Landinu hefur verið skipt og frístundasvæðið, sem er samtals um 72 ha, gert að sjálfstæðri eign undir nýju landnúmeri. Á hluta þess lands er nú gert ráð fyrir 18 nýjum lóðum fyrir frístundahús. Áætlað er að í framtíðinni verði alls 70 lóðir á skipulagssvæðinu öllu.

Breytingartillaga þessi hefur fengið þá meðferð sem lög kveða á um og öðlast hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Eyjafjarðarsveit, 17. mars 2006.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2006